

## Margrét Friðriksdóttir:

Helstu stefnumálin:

### Ég hef mikinn áhuga á að leggja mitt af mörkum til uppbyggingar fyrir Reykjavíkurborg.

Málefni eldri borgara öryrkja og þeirra sem minna mega sín:

Sérstaklega þarf að hlúa að málefnum eldri borgara, öryrkja og þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu eins og útigangsmönnum, slíkt á ekki að þekkjast í borginni og erum við fullvel í stakk búin til að veita því fólki húsaskjól aðstoð, tryggja þarf að þessir þjóðfélagshópar hljóti alla þá grunnþjónustu sem völ er á og vinna að því að betrubæta eftir þörfum og ábendingum þess hóps eða þeirra er málið varða.

### Jafnrétti:

Ég vil stuðla að því að útrýma kynbundnum launamun, þannig að Reykjavíkurborg geti orðið brautryðjandi á sviði jafnréttismála, og fyrirmynd í þeim málefnum útávið.

### Menntakerfi Reykjavíkurborgar:

Tel að þurfi að endurskoða menntakerfið sem þykir nokkuð staðnað í núverandi mynd og kallar eftir breytingum, stuðla þarf betur að þörfum hvers og eins og hef ég kynnt mér dönsku leiðina í menntamálum sem heillar og hefur m.a aukið námsárangur og bætt líðan hjá nemendum og mætti skoða betur, tel að sveitarfélög og ríki eigi að hafa meira samstarf í þessum málefnum.

### Samgöngumál:

Ég sé fyrir mér rafknúð hraðlestrarkerfi í Reykjavík í komandi framtíð, ýmsir kostir sem myndu fylgja því borgarbúum til hagsbóta, einstaklingurinn yrði t.d um 5 mín frá Breiðholti niður í Miðbæ, þetta myndi minnka umferð svo um munar og þar að leiðandi minnka mengandi útblásturinn sem fylgir bílunum, álagstímar og teppa í umferðinni myndu heyra sögunni til.

### Ég vil flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

### Ferðapjónusta:

Þá vil ég stuðla að auknum tækifærum í ferðapjónustu sem er sívaxandi iðnaður hér í landi með mikla innkomu og tel ég þar betur hægt að vinna úr, þá ferðamönnum og borgarbúum til hagsbóta.

### Heilbrigðismál:

Vil skoða hvort borgin geti komið að tækjakostnaði á Landspítala, þar sem Heilbrigðismálin eru ekki síður mál borgarbúa og hagsmunir allra að tæki og tól virki sem skildi, þar sem Landspítalinn er eini spítalinn í borginni, og staðan er eins og raun ber vitni þá kallar það klárlega eftir breytingum á núverandi kerfi og tel ég að borgin geti lagt sitt í vogarskálarnar.

### Tímaskekkja:

Þá vil ég vil takmarka notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu eins og mögulegt er, þ.e þeirra sem eru með lögheimili á svæðinu, en mikil ógn stafar af svifryksmengun vegna dekkjana, mengunin ógnar heilsu borgarbúa og geta samkvæmt nýjustu rannsóknum haft alvarlegan heilsbrest í för með sér.

Tímaskekkja að mínu mati sem má líkja við svarthvíta túpusjónvarpið.

**Líf og menning:**

Ég hef áhuga á að efla líf og menningu í Grasagarðinum í Reykjavík og tel ég þá náttúruferlu geta þjónað meiri og skemmtilegri tilgangi en gerir í núverandi mynd.

**Um mig:**

Er 35 ára 2.barna móðir og er fædd og uppalin í Laugarnes og langholtshverfinu í Reykjavík, ég er með diplomu í frumkvöðlafræðum (Professional diploma in entrepreneurship) frá Keili miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs (2010), lauk námi í prentsmíð og grafískri miðlun (2006) frá Iðnskólanum í Reykjavík og er með diplomu í forritun frá Tölvu og verkfræðiþjónustunni.

Ég tók þátt í hinum ýmsu grasrótahópum og þjóðfélagsumræðum eftir hrunið sem gaf mér góða yfirsýn á vilja þjóðarinnar og að sjálfsögðu borgarbúa í hinum ýmsu málum og hve miklu máli það skiptir að ríki traust, gegnsæi og heiðarleiki milli manna það er bersýnilega grundvöllurinn að samstöðunni. Ég var þátttakandi á þjóðfundunum 2009-10, fyrst sem almennur borgari og svo sem starfsmaður þjóðfundar og finnst mér mjög mikilvægt, að við minnum okkur staðfastlega á þessi mikilvægu gildi sem þjóðin kallaði eftir og gerir enn.